

Fundur í RK 29.sept 2020

Fimmti fundur Rotaryklúbbs Kópavogs starfsárið 2020 2021 var haldinn 29. september 2020. Fundur nr. 2034 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu kl. 17:30, 19 félagar voru mættir sem gerir 79% mætingahlutfall. Einn gestur var á fundinum Halldór Reynisson.

Forseti klúbbsins Karl Magnús Kristjánsson setti fundinn og bauð féлага og gest velkomna á fundinn.

Fundargerð 4. fundar var upplesinn og samþykkt

Sigfinnur Þorleifsson kynnti gest ræðumann fundarins Halldór Reynisson.

Í erindi sínu fjallaði Halldór Reynisson um umhverfismál Þjóðkirkjunnar. Það kom fram í máli Halldórs að umhverfismál væru að hans mati eitt mikilvægasta mál samtíðarinnar í ljósi hnattrænnar hlýnunar. Í erindi sínu tengdi hann umhverfismál við grundvallarkenningu kristinnar trúar. Umhverfisverkefni eru samþættuð inn í margvíslega starfsemi Þjóðkirkjunnar m.a. með útgáfu bæklinga um efnið, þátttöku einstakra söfnuða í skógræktarverkefnum og að standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um málefnið. Hann endaði fyrirlesturinn á að segja „ Náttúran er sá náungi okkar sem þarf mest á okkur að halda“

Nokkrar umræður urðu að loknu erindi Halldórs. Til máls tóku Karl Magnús Kristjánsson, Kristófer Þorleifsson Jón Sigurðsson, Ásgeir Jóhannesson og Helgi Sigurðsson

Forseti þakkaði Halldóri Reynissyni fyrir áhugavert erindi

Næst á dagskránni var 3 mínútna erindið sem að þessu sinni var flutt af Sigurjóni Sigurðssyni. Hann fjallaði um reynslu sína af ferðalögum með knattspyrnulandsliðinu til arabalanda.

Forseti upplýsti að hugsanlega verði gerðar breytingar á fundarefni næsta fundar. Tilkynnt verður um þær þegar nær líður fundinum.

Fleira var ekki gert og farið var með fjórprófið. Forseti sleit fundinum kl 18:50